

34. fundur

Fræðslunefnd hélt fund miðvikudaginn 12. desember 2001 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

- a) Gunnar fór yfir starfið í grunnskólanum.
Jólaundirbúningur stendur nú sem hæst, litlu jólin verða 20. desember nk. og hefst skólastarf að nýju 4. janúar. Gréta Bentsdóttir hefur verið ráðin í stuðning eftir hádegi í samtals 4 klst. á viku.
- b) Sigrún greindi frá starfinu í leikskólanum.
Nú eru 5 leikskólakennarar í starfi við leikskólann. 63 börn eru á skrá nú um áramótin.
Jólafondri foreldrafélagsins er lokið og gekk það vel. Framundan er svo kirkjuferð leikskólabarna og litlu jólin verða 20. desember nk.
Þá hefur talmeinafræðingur komið reglulega.

Að skýrslum skólastjóra loknum svöruðu þau framkomnum fyrirspurnum.

2. Önnur mál.

- a) Næsti fundur ákveðinn 16. janúar kl. 17:00.
- b) Gunnar ræddi málefni framhaldsskóla á Snæfellsnesi.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:50.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.

Róbert Jørgensen (sign.),
Gunnar Svanlaugsson (sign.),
Margrét Thorlacius (sign.),
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),
Dagbjört Höskuldsdóttir (sign.),
Steinunn I. Magnúsdóttir (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.),
Sigrún Þórsteinsdóttir (sign.),
Linda S. Sigurðardóttir (sign.).